

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Menntunarsjóð Þórarins Kristjánssonar.

#### 1. gr.

Heiti sjóðsins er Menntunarsjóður Þórarins Kristjánssonar.

#### 2. gr.

Lögheimili sjóðsins er að Tryggvagötu 17, Reykjavík.

#### 3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja starfsfólk Faxaflóahafna sf. til náms, koma til móts við áhugamál starfsmanna og styðja verkefni sem almennt koma starfsfólki til góða án þess að slíkt þurfi að vera hluti af endurmenntun viðkomandi starfsmanns. Þá er markmið sjóðsins einnig að efla góðan starfsanda meðal starfsfólks fyrirtækisins.

#### 4. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal varðveita með tryggum hætti í banka eða stofnun sem tryggir ávöxtun sjóðsins. Aðeins er heimilt að verja vöxtum sjóðsins til styrkveitinga eða framlaga. Óheimilt er að skerða höfuðstól sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita framlög eða styrki til sameiginlegra verkefna starfsmanna Faxaflóahafna sf. en slík framlög mega þó ekki vera umfram 60% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins á hverjum tíma.

Stjórn sjóðsins setur viðmiðunarreglur um fjárhæð styrkja til einstaklinga. Einstaklingar sem sækja um styrki úr sjóðnum skulu hafa unnið a.m.k. í tvö ár hjá Faxaflóahöfnum sf. og skal umsókn vera skrifleg og þar koma fram lýsing á því verkefni sem óskað er eftir að verði styrkhæft. Styrkir eru við það miðaðir að um sé að ræða nám eða námskeið sem starfsfólk sækir í orlofi eða utan daglegs vinnutíma. Taki stjórnin ákvörðun um að styrkja aðila skal styrkurinn greiddur eftir á við framlagningu reiknings eða vottorðs við lok náms eða námskeiðs.

Styrkur skal að jafnaði ekki veittur sama aðila nema liðið hafi tvö ár frá síðustu styrkveitingu til hans. Stjórn sjóðsins skal þó ætíð láta þann sem ekki hefur hlotið styrk njóta forgangs gagnvart þeim sem áður hefur verið veittur styrkur, ef ráðstöfunarfé sjóðsins til úthlutunar er takmarkað.

#### 5. gr.

Stofnandi sjóðsins er Faxaflóahafnir, kt. 530269-7529, Tryggvagötu 17, Reykjavík.

#### 6. gr.

Stofnfé er kr. 11.716.171. Sjóður þessi er stofnaður á grunni samnefnds sjóðs í eigu Faxaflóahafna sf. sem stofnaður var til minningar um Þórarinn Kristjánsson, fyrsta hafnarstjóra Reykjavíkurhafnar. Fjármunir hins eldri sjóðs voru peningagjöf Þórarins Kristjánssonar til starfsmanna Reykjavíkurhafnar auk framlags úr hafnsögusjóði Reykjavíkurborgar og hlutur hafnarinnar í björgunarlaunum árið 1998.

#### 7. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur fulltrúum. Hafnarstjóri Faxaflóahafna sf. skal vera formaður stjórnar. Að auki skipar hafnarstjóri einn fulltrúa til viðbótar í stjórnina og starfsmannafélag Faxaflóahafna sf. skipar einn fulltrúa. Fulltrúar í stjórn eru skipaðir til tveggja ára í senn.

#### 8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók um starfsemi sjóðsins og ákvarðanir um úthlutun styrkja og framlaga.

9. gr.

Endurskoðandi sjóðsins skal vera endurskoðandi Faxaflóahafna sf.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og fyrsta reikningstímabil árið 2010.

11. gr.

Fjárvörsluaðili sjóðsins eru Faxaflóahafnir sf. og er umsýsla og bókhald sjóðsins í höndum Faxaflóahafna sf.

12. gr.

Leitað skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 140/2008 og lög nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 30. mars 2010.*

**Ríkarður Másson.**

Helgi Már Ólafsson.